



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2006

**Kvörtun Klassíska listdansskólans ehf. yfir skráningu og notkun
Ballettskóla Eddu Scheving á léninu ballett.is**

I.

Erindið

Í erindi, dags. 19. maí 2005, til Samkeppnisstofnunar kvartar S. Sif Thorlacius hdl., f.h. Klassíska listdansskólans ehf., yfir skráningu og notkun Ballettskóla Eddu Scheving á léninu ballett.is. Klassíski listdansskólinn skráði lénið ballet.is hjá Isnic í ágúst 1999 og hefur notað það lén síðan. Fram kemur í erindinu að lénið ballet.is hafi verið valið eftir að hafa fengið upplýsingar hjá Háskóla Íslands um að rithátturinn ballet og ballett væru jafngildir í íslensku.

Rakið er að frá skráningu lénsins hafi Klassíski listdansskólinn rekið öfluga heimasíðu á Netinu þar sem starfsemin sé auglýst. Ekki sé vitað til annars en að skólinn hafi verið fyrstur ballettskóla til að skrá lén. Á vefsvæðinu séu upplýsingar um starfsemi skólans, ljósmyndir frá sýningum og æfingum og þar sé sótt um skólavist ásamt fleiru. Skólinn hafi auglýst lénið, það sé á nafnspjöldum kennara og netfang skólans endi á ballett.is.

Fram kemur að í mars 2005 hafi athygli forsvarsmanna Klassíska listdansskólans verið vakin á því að Ballettskóli Eddu Scheving væri búinn að skrá lénið ballett.is og hafi það gerst í desember 2004. Klassíski listdansskólinn telji ófært að skólarnir sem séu keppinautar séu í raun með sama lénheiti. Augljóslega væri mikil hættu á ruglingi. Notkun keppinautar á nánast sama léni kæmi skólanum illa. Ballettskóla Eddu Scheving hafi verið fullljóst að keppinauturinn væri skráður eigandi ballet.is en heimasíða skólans hafi verið í fullri notkun frá árinu 1999. Fáir skólar starfi á þessum vettvangi og þeir séu vel upplýstir um keppinautana. Góð markaðsstaða Klassíska listdansskólans geti leitt af sér styrkingu keppinautarins og þannig brotið gegn samkeppnislögum. Veruleg óþægindi skapist af þessu svo sem við notkun tölvupósts. Fyrst og fremst brjóti skráningin og notkunin gegn góðum viðskiptaháttum þar sem handhafi lénsins ballett.is reyni að notfæra sér markaðsstöðu kvartanda í viðskiptalegum tilgangi.



Í erindinu kemur fram að Klassíski listdansskólinn hafi reynt að leysa málið með samkomulagi og hafi sent Ballettskóla Eddu Scheving bréf en engin viðbrögð hafi borist við umkvörtunarefninu.

Telur Klassíski listdansskólinn að skráning Ballettskóla Eddu Scheving á léninu ballett.is eigi undir ákvæði 20. gr., d-lið 20. gr. a og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr., d-lið 7. gr. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Málinu til stuðnings er vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2004, *Kvörtun Merkingar yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is*, og staðfestingu áfrýjunarnefndar samkeppnismála á ákvörðuninni.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. maí 2005, var erindið sent Ballettskóla Eddu Scheving til umsagnar. Svar skólans er dagsett 6. júní 2005 og kemur þar fram að skólinn hafi verið starfræktur frá árinu 1959 og sé einn af elstu og stærstu ballettskólum landsins. Þegar ákveðið hafi verið að fá skráð lén fyrir skólann hafi verið leitað til Isnic og þar hafi fengist þær upplýsingar að lénið ballett.is væri laust en Klassíski listdansskólinn hefði skráð lénið ballett.is. Hafi því verið ákveðið að skrá lénið ballett.is og ekki verið talið að réttur eins né neins væri brotinn með því.

Rétt sé að aðeins muni einum bókstaf en alkunna sé að fjöldi mjög svipaðrar léna sé skráður hjá Isnic í ýmsum atvinnugreinum. Af því verði ráðið að skráning sé heimilud séu lénin ekki nákvæmlega eins og megi í raun líkja þeim við símanúmer. Því er hafnað að um brot á samkeppnislögum geti verið að ræða og vangaveltur um að verið sé að notfæra sér markaðsstöðu og orðspor Klassíska listdansskólans standist ekki. Ballettskóli Eddu Scheving hafi starfað í 45 ár en Klassíski listdansskólans í 12 ár og a.m.k. þrefalt fleiri nemendur hafi verið skráðir við fyrrnefnda skólann veturinn 2004–2005. Nær væri að snúa röksemdarfærslunni við.

Að lokum segir að sú spurning vakni hvort eðlilegt geti talist að einhver geti öðlast einkarétt á notkun orðs eins og ballet/ballett sem sé heiti listgreinar sem slíkrar. Yrði það niðurstaðan myndi það á óréttmætan hátt takmarka rétt annarra til þess að gera grein fyrir þjónustu sinni á þessum vettvangi og slíkri niðurstöðu hljóti að verða að hafna.



2.

Með bréfi, dags. 7. júní 2005, var Klassíska listdansskólanum gefinn kostur á að tjá sig um svar Ballettskóla Eddu Scheving. Svarið er dagsett 13. júní 2005 og þar er bent á að skýrt komi fram í svari Ballettskóla Eddu Scheving að við skráningu lénsins ballett.is hafi legið fyrir upplýsingar um lénið ballett.is. Ákvörðun um skráningu hafi því verið ákveðin og meðvituð. Þá er vakin athygli á að í júní 2005 sé heimasíða Ballettskóla Eddu Scheving enn í vinnslu.

Ítrekað er að Klassíski listdansskólinn hafi rekið heimasíðu frá árinu 1999 og lagt í umtalsverðan kostnað við auglýsingar og upplýsingar um lénið og eru lögð fram gögn því til stuðnings. Kostnaður og óþægindi sem kunnir að leiða af ruglingi sem líklega munu verða vegna skráningar keppinautar á nánast sama léni sé verulegur á móti þeim kostnaði sem Ballettskóli Eddu Scheving hafi lagt í miðað við hve stutt sé frá skráningu lénsins. Þá sé með vísan til upplýsinga um stærð og aldur Ballettskóla Eddu Scheving spurning hvort skólinn hafi ráðandi stöðu á markaðnum og því ríkari ástæða til að kvarta en ella.

Alfarið er hafnað líkingu léna við símanúmer þar sem um alls ólíka skráningu sé að ræða. Í flestum tilvikum fái einstaklingar og fyrirtæki engu eða litlu ráðið um hvaða símanúmer viðkomandi fái. Það gagnstæða gildi um skráningu léna þar sem óskað sé eftir tilteknu léni sem tengist gjarnan heiti fyrirtækis eða starfsvettvangi.

Að lokum er tekið fram að ekki sé ætlunin að eigna sér rétt yfir orðinu ballet/ballett enda um alþjóðlegt orð að ræða. Hins vegar sé ekki hægt að setta sig við skráningu og notkun Ballettskóla Eddu Scheving á léninu ballett.is enda brjóti slík notkun ótvírætt í bága við ákvæði samkeppnislaga og skaði Klassíska listdansskólann.

3.

Með bréfi, dagsettu 22. júní 2005, var Ballettskóla Eddu Scheving gefinn kostur á að tjá sig frekar í málinu. Svar skólans er dagsett 30. júní 2005 og eru fyrri rök þar ítrekuð. Jafnframt er því hafnað að auglýsingakostnaður Klassíska listdansskólans komi málinu við. Þá hafi tilvísun til stærðar og aldurs skólans aðeins verið til að leggja áherslu á að markaðsstaða Klassíska listdansskólans hafi engin áhrif á Ballettskóla Eddu Scheving eins og gefið hafi verið í skyn í upphaflegri kvörtun. Samkeppni á markaðnum snúist ekki um lén eða vefköng heldur gæði þjónustunnar sem í boði sé.

Í niðurlagi bréfsins er lögð áhersla á að verði fallist á sjónarmið Klassíska listdansskólans í málinu sé í raun verið að veita einum aðila einkarétt á því að kynna þjónustu sína með alþjóðlegu heiti listgreinarinnar, sem gangi þvert á meginreglur samkeppnisréttar.



4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til málsaðila, dags. 30. júní 2005, var tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Þá kom fram í bréfinu að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og að málið flyttist til þeirrar stofnunar.

Með bréfi Neytendastofu dagsettu 27. júlí 2005 var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi, dags. 31. október 2005, var málsaðilum tilkynnt um frekari tafir á málsmeðferð.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2005, til Klassíska listdansskólans var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru upp óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Kvartandi óskaði afgreiðslu og var það tilkynnt Ballettskóla Eddu Scheving. Með bréfi, dags. 27. febrúar 2006, spurðist lögmaður Klassíska listdansskólans fyrir um afgreiðslu málsins og í bréfi, dags. 6. mars 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf á afgreiðslu þess.

III.

Niðurstaða

Í máli þessu eigast við keppinautarnir Klassíska listdansskólinn og Ballettskóli Eddu Scheving sem eru eigendur lénanna ballett.is og ballett.is. Klassíska listdansskólinn skráði lén sitt ballett.is á árinu 1999 en Ballettskóli Eddu Scheving skráði lénið ballett.is í lok árs 2004. Klassíska listdansskólinn telur augljósa ruglingshættu af því hversu lík lénnöfnin séu og slíkt brjóti í bága við góða viðskiptahætti. Þá hafi komið fram að Ballettskóla Eddu Scheving hafi verið fullljóst um lén kvartanda en þrátt fyrir það skráð nauðalíkt lénnafn.

Í máli Ballettskóla Eddu Scheving hefur komið fram að skólinn hafi ekki talið sig brjóta rétt á Klassíska listdansskólanum með skráningu lénsins ballett.is. Alkunna sé að fjöldi mjög svipaðra léna sé skráður í ýmsum atvinnugreinum. Spurning sé hvort eðlilegt geti talist að einhver geti öðlast einkarétt á notkun orðs eins og ballett/ballett sem sé heiti listgreinar.

Að mati kvartanda brýtur skráning og notkun Ballettskóla Eddu Scheving á léninu ballett.is í bága við ákvæði 20. gr., d-lið 20. gr. a og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr., d-lið 7. gr. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Í 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða



viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. 12. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að í 25. gr. laganna (nú 12. gr. laga nr. 57/2005) felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Í greinargerðinni segir að í 2. málslíð 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Lén beggja málsaðila eru skráð á þar til bærán hátt hjá Isnic. Að mati Neytendastofu hafa báðir málsaðilar því óumdeildan rétt til þessara auðkenna sinna í skilningi 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Skal því litið til þess hvort villast megi á auðkennunum, sbr. 2. málslíð 12. gr. laganna.

Neytendastofa telur að orðin ballet og ballett sé í raun sama orðið með tvenns konar rithætti. Orðið sé lýsandi fyrir starfsemi beggja fyrirtækjanna og sé um augljósa ruglingshættu að ræða milli þeirra vegna þessa. Neytendastofa telur að það að velja sér sama lénnafn og keppinauturinn skráði fimm árum áður þó svo ritháttur sé annar sé ekki nægilegt til aðgreiningar þeirra á milli, samanber t.d., að breyttu breytanda, ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 25/2004, *Kvörtun Merkingar ehf. yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is*, nr. 25/2003, *Kvörtun bílasöluunnar Bíll.is ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is*, og nr. 26/2003, *Kvörtun Fasteignasöluunnar Bifrastar ehf. yfir notkun Fasteignasöluunnar Grundar ehf. á léninu fasteignasalan.is*.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að notkun Ballettskóla Eddu Scheving á lénnafninu ballett.is geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni Klassíska listdanskólans ballet.is. Jafnframt telur Neytendastofa að Klassíska listdanskólinn sem fyrr byrjaði notkun á orðinu ballet sem lénnafni teljist, í skilningi laga um óréttmæta viðskiptahætti, hafa meiri rétt til orðsins en keppinauturinn. Notkun Ballettskóla Eddu Scheving á lénnafninu ballett.is brjóti því í bága við ákvæði 2. ml. 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.



Þá telur Neytendastofa að Ballettskóla Eddu Scheving hefði mátt vera ljóst að um ruglingshættu gæti orðið að ræða milli fyrirtækja í sama rekstri með jafn líkum lénnöfnum. Hefði þetta átt að hafa áhrif á val á skólans á lénnafni þar sem komið hefur fram að skólanum var kunnugt um lén keppinautarins. Skráning Ballettskóla Eddu Scheving á lénnafninu telst því einnig brot á ákvæðum 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Hvað varðar tilvísun til d-liðar 7. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti þá tekur Neytendastofa fram að greinin tekur einungis til samanburðarauglýsinga en það eru auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar. Slíkt á ekki við í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ballettskóli Eddu Scheving, Háteigsvegi, Reykjavík, hefur með skráningu og notkun lénsins ballett.is brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bannar Neytendastofa Ballettskóla Eddu Scheving alla notkun lénsins ballett.is og leggur fyrir fyrirtækið að afskrá lénið innan tíu daga frá birtingu ákvörðunar þessarar.

Verði ekki farið að banninu mun Neytendastofa beita viðurlögum 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Neytendastofa, 26. maí 2006